BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/177
komudagur 12.6.2009

Alþingi
Utanríkismálanefnd

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. júní 2009

Efni. Umsagnir um þingskjöl 38 og 54 á 137. löggjafarþingi 2009, um Evrópusambandsmál.
Tilv. 2009060001

Stjóm Bændasamtaka Íslands fjallaði um þessar tillögur til þingsályktunar á stjórnarfundi sínum þann 8. júní. Bændasamtök íslands eru alfarið á móti aðildarviðræðum um ESB og leggja til að hvorug þessara tillagna fái framgang.

Greinargerð:

Bændasamtök Íslands hafa um árabil afdráttarlaust tekið afstöðu gegn aðild að ESB. Þessa eindregnu stefnu byggja samtökin á upplýsingum sem þau hafa aflað sér árum saman. Afstaðan hefur styrkst af viðræðum við bændur og skoðunum aðildarfélaga um allt land.

Meginrök fyrir afstöðu BÍ eru þessi:

Fæðu- og matvælaöryggi skerðist

Þjóðir eiga að framleiða eins mikið af matvælum til eigin nota og þær mögulega geta. Það er óábyrgt að veikja íslenska matvælaframleiðslu með því að heimila óheftan innflutning á búvörum.

Atvinna og byggðir í hættu

Fjöldi manns hefur atvinnu af innlendum landbúnaði og afleiddum störfum. Margir munu missa vinnuna víða um land vegna minnkandi umsvifa íslensks landbúnaðar. Víða í dreifbýli eru samfélög sem treysta að stórum hluta á landbúnað sem lífsviðurværi sitt. Fækkun framleiðanda veikir búsetu í sveitum.

Íslenskur landbúnaður myndi veikjast mikið við inngöngu í ESB

Landbúnaðarstefna ESB hentar ekki íslenskum landbúnaði. Bændur telja farsælla að þjóðin sjálf móti sína landbúnaðarstefnu og hafna því að færa forræðið til sameiginlegrar stefnumótunar ESB ríkja. Innganga Íslands í ESB leiðir til samdráttar og tekjumissis í landbúnaði í samanburði við núverandi stuðningskerfi. Innganga í ESB myndi gerbreyta tekjusamsetningu íslensks landbúnaðar og veikja búrekstur. Landbúnaðarstefna ESB tekur ekki tillit til þeirra sem vinna við stoðgreinar landbúnaðarins og úrvinnslu á búvörum. Síbreytilegt styrkjakerfi ESB í CAP mundi veikja stoðir íslensks landbúnaðar.

Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni v/Hagatorg
IS-107 Reykjavík, ÍSLAND
Sími: 563 0300 Fax: 562 3058
Netfang: bi@bondi.is

The Farmers Association of Iceland
Bændahöllinni v/Hagatorg
IS-107 Reykjavík, ICELAND
Phone: +354-563 0300 Fax: +354-562 3058
E-mail: bi@bondi.is

Gæðum og heilbrigði yrði fórnað
Þjóðinni er mikilvægt að standa vörð um þær gæðabúvörur sem framleiddar eru á Íslandi. Íslenskir bændur vilja ekki fórna góðum framleiðsluvörum fyrir ótryggan innflutning. Heilbrigði íslenskra búfjárstofna er dýrmætt og það ber að vernda.

Tollvernd er nauðsyn
Tollvernd er forsenda þess að viðhalda framleiðslugetu og nýtingu lands til landbúnaðar. Algjör niðurfelling tolla á landbúnaðarvörur myndi minnka til muna markaðshlutdeild íslenskra búvara á augabragði. Rekstrargrundvöllur búskapar og afurðastöðva brysti. Tollar hafa lækkað mikið á undanförnum árum. Lækkuð tollvernd hefur
hert mjög að rekstri
bænda.

Neikvæð reynsla nágrannaþjóða
Upplýsingar um finnskan og sænskan landbúnað sýna að norrænar jaðarþjóðir í ESB njóta ekki ávinnings af sameiginlegri landbúnaðarstefnu sambandsins til jafns við þjóðir sunnar í Evrópu. Aukin tækifæri til útflutnings til annarra ESB landa hafa ekki komið í stað samdráttar á innanlandsmarkaði.

Lítil samkeppni í smásöluverslun
Aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum mun aðeins að óverulegu leyti skila sér í lægra vöruverði fyrir neytendur.

Með hliðsjón af ofangreindu er mjög nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna landbúnaðar að leggja algerlega til hliðar þær þingsályktunartillögur sem hér um ræðir. BÍ skora á stjórnvöld að leggja til hliðar öll áform um umsókn og inngöngu í Evrópusambandið.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

Eiríkur Blöndal

Fygigögn.
Íslenskur landbúnaður og Evrópusambandið - meginrök Bændasamtakanna gegn aðild að ESB.
Gefið út með Bændablaðinu 28. janúar 2009.